

Fundargerð 531

Föstudaginn 26. janúar 2024 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM) varamaður, Haraldur Benediktsson (HB), María Hjálmarsdóttir (MaH), Rúnar Þór Guðbrandsson (RÞG), Sigurjón Þórðarson (SÞ) varamaður og Valgerður Rún Benediktsdóttir (VRB), varamaður. Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Pétur Grétarsson (PG) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 3), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jónína B. Óskarsdóttir, Karl Björnsson og Óli Halldórsson boðuðu forföll.

Formaður setti fund kl. 9:05 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs - til kynningar
2. Skýrsla regluvarðar og erindisbréf regluvarðar endurnýjað - til afgreiðslu
3. Hlutabréfasafn Byggðastofnunar - til kynningar
4. Starfsáætlun 2024 - til afgreiðslu
5. Lántökuheimild til forstjóra - til afgreiðslu
6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
7. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
8. Önnur mál
9. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs sem HP og MH kynntu í fjarveru umsjónarmanns áhættustýringar. eru allir áhættumælikvarðar innan þeirra marka sem settir eru í áhættustefnu stofnunarinnar.

Til máls tóku HB, HKH, AME, HÁ, VRB og RÞG.

2. Skýrsla regluvarðar og erindisbréf regluvarðar endurnýjað - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur skýrsla regluvarðar Byggðastofnunar vegna ársins 2023 og endurnýjað erindisbréf regluvarðar sem HÁ kynnti.

Lagt er til í samræmi við 4. gr. laga nr. 60/2021 að stjórn Byggðastofnunar staðfesti ráðningu Hjalta Árnasonar sem regluvarðar og Súsönnu B. Fróðadóttur sem staðgengil hans til eins árs.

Til mál tók HKH.

Formaður bar upp ofangreint erindisbréf til samþykktar og var það samþykkt samhljóða.

3. Hlutabréfasafn Byggðastofnunar - til kynningar

PG kom kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og var með kynningu á hlutabréfasafni stofnunarinnar.

Til máls tóku RÞG og MaH.

PG vék af fundi.

4. Starfsáætlun 2024 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur starfs- og rekstraráætlun 2024 sem áður var á dagskrá síðasta stjórnarfundar. AME kynnti áætlunina og þær breytingar sem orðið hafa frá síðasta fundi.

Til máls tóku HKH, SEÞ, GHM, HB, AME, RÞG og SÞ.

Formaður bar starfs- og rekstraráætlun 2024 upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

5. Lántökuheimild til forstjóra - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs um lántöku á árinu sem MH kynnti.

Lagt er til að stjórn heimili forstjóra að ganga frá og undirrita skuldbréf vegna lántöku hjá Endurlánnum ríkissjóðs að fjárhæð allt að 3,0 milljarðar króna á árinu 2024 með lánstíma frá 15 til 20 ára sem geti verið í íslenskum krónum, evru og dollar eins og þörf er á.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 46/23-47/23 og 1/24-2/24 auk yfirlits yfir lánveitingar ársins 2023 sem HP kynnti.

Til máls tóku SÞ, AME og VRB.

7. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar 2023 og yfirlit yfir stöðu rekstrar 31.12.2023 sem SEÞ og AME kynntu.

Til máls tóku HKH, RÞG og HÁ.

8. Önnur mál

HKH spurði stjórn út í nýtt fyrirkomulag við ritun fundargerða, hvort samþykkja eigi hvern dagskrárlíð fyrir sig eða fundargerðina í heild. Til máls tóku SÞ og HB.

AME upplýsti um fundi sem haldnir hafa verði með starfshópi ráðuneytisstjóra, Bændasamtökunum og innviðaráðuneytinu og þær hugmyndir sem þar hafa komið upp og aðkomu Byggðastofnunar til að taka á vanda bænda. Til máls tóku HB og RÞG.

SÞ óskaði eftir upplýsingum um úthlutun aflamarks Byggðastofnunar til GPG á Húsavík og eins í Breiðdalsvík og á Djúpavogi sem yrði kynnt á næsta fundi stjórnar. HÁ upplýsti að heimilt væri að skipta á tegundum og liggur fyrir í skriflegu svari á fyrirspurn til Alþingis. Til máls tóku HKH og AME. Verður minnisblað lagt fyrir næsta fund.

SEÞ kynnti helstu niðurstöður greinargerðar sem unnin var um Grindavík.

AME ræddi um breytingu á dagsetningu ársfundar. Gert er ráð fyrir að færa ársfund til 18. apríl nk. Þá þyrfti að halda stjórnarfund í mars til að afgreiða ársreikning. Til máls tóku HKH og GHM. AME sendir tölvupóst um þessar breytingar til stjórnar.

9. Næsti fundur

Næsti fundur er skv. starfsáætlun 23. febrúar nk. og verður það fjarfundur.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:35

Magnús Helgason fundarritari.

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Haraldur Benediktsson

María Hjálmarsdóttir

Rúnar Þór Guðbrandsson

Sigurjón Þórðarson

Valgerður Rún Benediktsdóttir